



LIBRA
LÖGMENN

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

og

Fjármálaráðuneytið
Skrifstofa skattamála
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2017

Efni: Nýlegar breytingar á sagnæmisskilyrðum 172. gr. tollalaga nr. 88/2005

Til Libra lögmanna ehf., hefur leitað Icetransport ehf., kt. 541298-3049, vegna breytingar þeirrar sem gerð var á sagnæmisskilyrðum 172. gr. tollalaga nr. 88/2005 með 13. gr. laga nr. 59/2017. Breytingin tók gildi 1. júní 2017. Sagnæmisskilyrði ákvæðisins sem fjallar um refsíabyrgð við tollamiðlum voru með lagabreytingunni rýmkuð. Áður var krafist stórfellds gáleysis en nú nægir einfalt gáleysi við brot á 172. gr. tollalaga.

Umbjóðandi minn hefur verulegar athugasemdir við umrædda lagasetningu.

Lög nr. 59/2017 fólu í sér margar breytingar á fjölda lagabálka án þess að sérstök áhersla hafi verið lögð á tollalöggjöf þrátt fyrir hinar miklu breytingar sem urðu með lögunum á starfsumhverfi tollamiðlara. Rétt er að geta þess að þessi nýlega stefnubreyting löggjafans um rýmkuð sagnæmisskilyrði tollalaga var án alls samráðs við hagsmunaaðila og átti í raun engin umræða um stefnubreytingu löggjafans sér stað.

Þegar heildarendurskoðun á tollalöggjöf Íslands var lögð fram með frumvarpi til tollalaga nr. 88/2005 var óskað eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum og samtökum vegna frumvarpsins. Upphaflega var ákvæðunum í frumvarpinu að tollalögum nr. 88/2005 sem snéru að sagnæmisskilyrðum vegna refsíabyrgðar hagað þannig að einfalt gáleysi var talið nægja við broti á 172. gr. tollalaga. Eftir umsagnir og umræðu um frumvarpið var því breytt og úr varð að sagnæmisskilyrðin voru þrengd frá frumvarpinu og þyrfti til stórfellt gáleysi eða ásetning til að refsíabyrgð yrði virk.

Afleiðingar rýmri sagnæmisskilyrða eru margvíslegar og snerta ekki eingöngu ábyrgð starfsmanna sem starfa við tollamiðlun líkt og umbj. minn hefur á sínum snærum heldur einnig öll inn- og útflutningsfyrirtæki sem sjálf sinna sínum tollamiðlunum.

Þessi rýmri saknæmisskilyrði valda því að öll mistök í starfi við tollamiðlun, s.s. handvömm við útfyllingu á skýrslu, verða refsiverð og eiga tollamiðlarar í hættu að fá refsingu og lenda á sakaskrá. Getur þetta haft verulega íþyngjandi afleiðingar fyrir starfsmenn umbj. míns líkt og alkunna er þegar aðilar lenda á sakaskrá. Á þetta jafnt við um starfsmenn umbj. míns sem og alla aðra inn- og útflutningsaðila sem sinna sínum tollamálum sjálfir.


Önnur afleiðing af hinum rýmri saknæmisskilyrðum eru þær tafir á tollafgreiðslu sem þessi breyting veldur. Breytingarnar á saknæmisskilyrðum fyrrgreinds ákvæðis valda ótta starfsmanna við refsingu vegna minnstu mistaka í starfi sem aftur leiða til þess að lengri tíma tekur að tollafgreiða þar sem oftast þarf að fá aðstoð eða staðfestingu yfirmanna eða eftir atvikum stjórnvalda þegar réttmæti tollskráningar er metið.

Umbjóðandi minn telur að með þessum breytingum á saknæmisskilyrðum tollalaga hafi starfsumhverfi tollamiðlara skaðast þar sem svo lítið þurfi til þess að tollstjóri geti lagt á starfsmenn hans refsingu.

Umbjóðandi minn óskar vinsamlega eftir því að umrædd lagabreyting sem var gerð með 13. gr. laga nr. 59/2017 verði endurskoðuð. Auk ofangreinds er sérstaklega vísað til þeirra umsagna og umræðu sem átti sé stað um frumvarpið til tollalaga nr. 88/2005 þegar saknæmisskilyrðin í 172. gr. tollalaga voru upphaflega ákveðin.

Ef frekari upplýsinga eða skýringa er óskað er hægt að hafa samband við undirritaðan.

Virðingarfyllt,



Hjalti Sigvaldason Mogensen hdl.